

Dalvíkurskóli

Deildarstjóri í námsleyfi

Í vetur er Friðrik Arnarson deildarstjóri á eldra stigi Dalvíkurskóla í námsleyfi en Guðný Jóna Þorsteinsdóttir náms- og starfsráðgjafi leysir hann af sem deildarstjóri.

Byrgjum brunninn, árangursríkt nám í upphafi grunnskóla

Í vor styrkti Sprotasjóður verkefnið *Byrgjum brunninn* í Dalvíkurskóla og Árskógarskóla undir stjórn Dóróþeu Reimarsdóttur og Gunnhildar Birnisdóttur. Markmið verkefnisins er að grípa sem fyrst inn í og styðja sérstaklega við nám þeirra nemenda sem við upphaf grunnskólagöngu hafa litla færni í undirstöðuþáttum lestrar eða lítinn talnaskilning. Stefnan er að þróa árangursríkari kennsluhætti í sérkennslu á fyrstu árum grunnskólans. Einnig er markmiðið að foreldrar þeirra barna sem þurfa á sérstöku inngripi að halda verði virkir þátttakendur í vinnunni.



Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Í haust fór Dalvíkurskóli í úttekt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fulltrúar ráðuneytisins fengu gögn frá skólanum til yfirlistar auk þess sem skólinn var skoðaður, kennslan tekin út og rætt við ýmsa rýnihópa. Það er gott tækifæri fyrir skólann að fara í svo umfangsmikla úttekt og kjörið tækifæri í að nýta úttektina í frekari eflingu skólastarfsins. Þegar unnið hefur verið úr gögnum verður gerð skýrsla um skólann þar sem bent er á styrkleikana og hvað má betur fara.

Frístund

Frístund er í boði fyrir öll börn í 1.-4. bekk eftir að skóladegi lýkur og fram til kl. 16.15, húsnaði Frístundar er í Víkurröst. Í Frístund er ýmislegt brallað og þar fá börn stuðning við heimanám sé þess óskað. Einnig er í boði að perla, teikna, mála, fara í playmo, lego og útivist. Mörg börn fara úr Frístund á fótbolta- eða fimleikaæfingar, í tónlistarskólann eða í aðra frístundaiðkun. Forstöðumaður frístundar er Hafdís Sverrisdóttir.

Tónlistarskólinn

Verkfall tónlistarskólakennara

Verkfall tónlistarskólakennara í FT hófst 22. október og hafa allir tónlistarskólakennarar og millistjórnendur lagt niður störf. Magnús skólastjóri heldur áfram kennslu í hljóð- og upptökfræðum og sinnir hljómsveitaræfingum með hópinn *Stúlkan og strákarnir* og er kennsla hans samkvæmt stundaskrá. Vonandi lýkur verkfallinu sem fyrst svo tónlistarkennslan geti hafist á ný, hægt verði að fara að æfa jólalög og undirbúa jólatónleika.



Sigi's boat

Sigi's Boat er tónlistarvinnustöð undir handleiðslu Sigrid Keunen sem er víóluleikari frá Belgíu. Vinnustofan var samvinnuverkefni Listhúss Ólafsfjarðar, tónlistarskóla og grunnskóla og var haldin á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði í október. Bátur Sigi's er fjögurra metra langt fley sem var ekki á sjónum heldur í kennslustofunni. Báturinn var svið þar sem nemendur sköpuðu sínar eigin sögur og sömdu eigin tónlist sem tengdist sögunum.

Árskógur

Stærðfræði og leikur

Í haust hefur talsvert verið unnið sameiginlega með 1. bekk og elstu börn leikskólans í stærðfræði, bæði úti og inni. Viðfangsefnið hafa verið súlurit, einingakubbar, kaplakubbar, form og mynstur. Stærðfræðin hefur síðan verið tengd heima-byggðarþema, umræðum og tjáningu.

Grautur í Árskógi

Sú nýjung var tekin upp í haust að bjóða upp á hafragraut í grunnskóladeild skólans áður en kennsla hefst á morgnana. Þessu hefur verið vel tekið í Árskógi en um helmingur nemenda nýtir sér þetta boð.



Fréttabréf Fræðslu- og menningarviðs Dalvíkurbyggðar

7.TBL.
NÓVEMBER 2014
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSP/HELGA BJÖRT



Vissir þú að!

Orðin kyn, kynhneigð og kyngervi eru öll tengd en jafnframt ólík hugtök. Orðið kyn vísar til kynferðis, þ.e. hvort einstaklingur sé líffræðilega karl eða kona. Orðið kynhneigð tengist því hverjum einstaklingurinn hrifst af, þ.e. af gagnstæðu kyni, af sama kyni eða af báðum kynjum. Orðið kyngervi vísar til þess hvort einstaklingurinn upplifir sig sem karl eða konu og er í raun ótengt líffræðilegu kyni og kynhneigð. Reyndar upplifa sumir einstaklingar sig bæði sem karl og konu. Hugtakið *transgender* er notað sem regnhlífarhugtak yfir þann fjölbreytta hóp einstaklinga sem á það sameiginlegt að kynvitund, kyntjáning eða kynupplifun er ólík því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu.

20. nóvember er Minningardagur transfólks og er hann haldinn til að minnast þeirra sem hafa orðið fyrir fordómum, ofbeldi og hafa jafnvel verið myrtir fyrir kynvitund sína.

Ýmsar upplýsingar um þessi mál má finna á eftirfarandi heimasíðunum samtokin78.is/ og <http://trans.samtokin78.is/>

Ýmislegt

Nýtt fræðsuráð

Nýtt fræðsluráð tók til starfa eftir kosningar í vor og urðu nokkrar manna-breytingar í kjölfar nýs meirihluta. Fræðsluráð skipa núna Þórhalla Karlsdóttir formaður, Lilja Björk Ólafsdóttir varaformaður, Felix Rafn Felixson, Auður Helgadóttir og Valdemar Þór Viðarson. Auður og Lilja voru báðar í fráfaran-di fræðsluráði.

Skólastefna Dalvíkurbyggðar

Drög að nýrri, sameiginlegri skólastefnu liggja nú fyrir og eru til afgreiðslu á næsta fundi fræðsluráðs.

Námsferð stjórnenda

Í lok október fór hópur stjórnenda af fræðsluviði ásamt kennsluráðgjafa á ráðstefnu um fjölmennarlega menntun en ráðstefnan var haldin í Toronto í Kanada og stóð yfir í 5 daga. Það er óhætt að segja að ferðin hafi lukkast vel, verið mikið hópefli og að allir hafi orðið töluvert fróðari og víðsýnni eftir ráðstefnuna. Í Kanada er löng hefð fyrir fjölmennar-samfélagi hvort sem um er að ræða innflytjendur, ólík trúarbrögð, kyn-hneigð, kyngervi eða aðra þætti sem gera einstaklinga líka eða ólíka. Ráð-stefnan var alþjóðleg og voru fyrirlesarar frá ýmsum löndum.



Heilsueflandi samfélag

Dalvíkurbyggð og Embætti landlæknis hafa gert með sér samstarfssamning um þróunarverkefnið *Heilsueflandi samfélag*. Verkefnið miðar að því að efla lýðheilsu og lífsgæði íbúa Dalvíkurbyggðar með markvissum þverfaglegum heilsueflingaraðgerðum. Horft er til fjögurra þátta, **hreyfingar, næringar, líðan og lífsgæða**. Megináhersla verður lögð á einn þátt ár hvert en hreyfing verður tekin fyrir fyrsta árið. Verkefnið gengur fyrst og fremst út á hvatningu og að hafa val um þætti sem efla heilsuna á einn eða annan hátt, ekki boð og bönn. Það er öllum til hagsbóta að huga að heilsunni og gaman væri að einstaklingar og vinnustaðir styddu hver annan til árangurs. Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar er að finna allar upplýsingar um verkefnið.

Ýmislegt

Gasmengun

Undanfarið hefur nokkrum sinnum orðið vart við gasmengun í Dalvíkurbyggð frá gosstöðvunum í Holuhrauni. Skólarnir fylgjast náið með upplýsingum frá Veðurstofunni og Umhverfisstofnun í tengslum við gasmengunina. Ef mengunin fer yfir ákveðin mörk þá er útiveru sleppt meðan á skóladegi stendur og þau börn sem sofa vanalega daglúr úti sofa inni.

Félagsmiðstöðin Týr



Norðurlandsmótið 2014

30. okt – 1. nóv síðastliðinn fór fram samvinnuverkefni milli félagsmiðstöðvarinnar á Dalvík og allra félagsmiðstöðva á Akureyri. Verkefnið hlaut nafnið *Norðurlandsmótið* og tókst vel upp. Stefnt er á að halda mótið árlega og fá enn fleiri félagsmiðstöðvar á Norðurlandi í vinnuna, en þær munu skiptast á að halda mótið. *Norðurlandsmótið* er ætlað nemendum í 8. og 9. bekk og hugmyndafræðin er sú að unglíngarnir taki þátt í uppbyggilegu og skemmtilegu starfi auk þess að kynna nýju fólki. Í ár var svokölluð smiðjuvinna hápunkturinn þar sem hver gat valið sér tvær smiðjur, eina fyrir hádegi og eina eftir hádegi. Smiðjurnar voru alls 11 talsins og snérist t.d. um mannréttindi, einelti, kynlíf, samskipti kynjanna og ýmislegt fleira. Hópefli var hluti af öllum smiðjum sem braut upp umræðuna og gerði unglíngunum auðveldara að kynna hver öðrum.

Í heildina tóku 95 unglíngar þátt í smiðjuvinnunni. Kvöldið áður var haldið ball þar sem unglíngar frá Fjallabyggð mættu líka en yfir 150 ungmenni dónsuðu í Víkurröst það kvöld.

Kátakot og Krílakot

Kennsla um tilfinningar og þjálfun sjálfstjórnar á Kátakoti

Hjá yngri börnunum á Kátakoti er unnið með Stig af stigi sem er í stuttu máli þjálfun til að auka félags- og tilfinningaþroska. Börnin læra að þekkja eigin tilfinningar og annarra, leysa úr vanda ásamt því að þeim eru kenndar aðferðir til að draga úr árekstrum. Foreldrar fá bækling heim sem innheldur lýsingu á aðferðinni.

Eldri börnin á Kátakoti læra ART (Aggression Replacement Training), aðferð sem hjálpar börnum að ná tökum á félagsfærni sinni, hafa sjálfstjórn og efla siðferðisþroskann. Unnið er markvisst með ákveðna færni hverju sinni og börnin fá þjálfun sem byggir á umræðum, hlutverkaleikjum og ýmsum verkefnum. Unnið er með ART tólf vikur í senn. Þjálfunin fer fram í litlum hópum og er kennt 30 mín þrisvar í viku. Börnin fá heimaverkefni þar sem þau þurfa að æfa sig í þeirri færni sem tekin er fyrir hverju sinni. Í tímanum á eftir er svo farið yfir það með börnunum hvernig gekk að æfa sig heima.

Kátakot og Krílakot heilsuleikskólar?

Verið er að skoða hvort Kátakot og Krílakot eigi að gerast Heilsuleikskólar. Hugmyndafræði Heilsuleikskóla gengur út á að öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áhersluþættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal



ávallt vera aðalsmerki þeirra.

Viðbygging við Krílakot

Byggðaráð hefur lagt fram tillögu þess efnis að framkvæmdir vegna viðbyggingar við Krílakot fari fram árin 2015 og 2016 og bíður hún afgreiðslu sveitarstjórnar. Talsverð vinna hefur farið í að rýna teikningar af viðbyggingunni og þróa hugmyndir henni tengdar, bæði af hálfu starfsfólks og foreldra. Verði tillagan samþykkt er stefnt á að nýtt og stærra Krílakot verði